



Æskulýðsstarf

2011.

Hjá hestamannafélaginu Mána reynum við að leggja metnað í gott og blómlegt æskulýðsstarf.

fyrir árið 2011 var sett saman nokkuð þétt og góð dagskrá, sem að upplagi átti að höfða til sem flestra.

Fyrst var boðið í óvissuferð barna og voru foreldrar og vinir sérstaklega boðnir velkomnir með. Mæting var með eindæmum góð og skemmtu allir sér konunglega létum veðuröflin ekki hafa áhrif á okkur og örkuðum upp í rútú. Fyrst var ferðinni heitið í skautahöllina og allflestir fengu fína útrár þar ungir sem og aldnir. Að því loknu fórum við í sund, og satt best að segja þá hefði mátt mæla ölduhæð í lauginni svo mikið blésu vindar. Að endingu fórum við á Hamborgarafabrikkuna og borðað þar við mikinn fögnuð yngri meðlima.

Okkar árlega Páskabingó var haldið og að venju voru vinningar veglegir og margir. Páskaegg í öllum stærðum og gerðum. Það sama mátti segja um mætingu að var hún mjög góð og skemmtu sér allir vel.

Ovissuferð unglinga féll því miður niður vegna slæmrar skráningar. Ástæðuna viljum við telja, að tímasetning ferðarinnar var í Júní, og er mótahald orðið mjög strangt á þeim tíma, og þeir sem stunda keppni (sem margir unglingar gera hjá Mána) hafa nóg að gera við keppnir. Við munum endurskoða tímasetningu á þessum dagskrárlið fyrir komandi ár....

„Vetrarslúttið“ okkar var svo haldið, það var grillað og farið í leiki í reiðhöllinni okkar og skemmtu þeir sér vel sem komu.

Hestamannafélagið Máni hélt 'Islandsmót barna, unglinga og ungmenna, og skilaði því verkefni með miklum sóma. Krakkarnir í Mána tóku aðsjálfssögu virkan þátt, hvort heldur var á hringvellingum eða utan og viljum við nota tækifærið og þakka þeim sem þátt tóku kærlega fyrir og þar sannaðist máltækið „margar hendur vinna létt verk“

Við stofnuðum Facebooksíðu sem samskiptarmáta fyrir æskulýðsstarfið og teljum við hana bara eiga eftir að auðvelda samskipti krakkanna í framtíðinni.

Það er okkar skoðun, að í þessu árferði sem núna er hjá okkur 'Íslendingum þá skipti mestu máli að rækta samband okkar við börnin, og þar sem að hestamennskan er mjög fjölskylduvæn geti fjölskyldan átt margar dýrmætar stundir saman í hestamennsku almennt.

Einnig teljum við mikilvægt að efla allt æskulýðsstarf sem ýtir undir þessar samverustundir t.d fjölskyldureiðtúrar og skemmtiferðir eða samkomur það sem allir eru velkomnir ungir sem og þeir sem eldri eru ☺

Um leið og við þökkum fyrir veturinn þá vonumst við til að enn fleiri leggi æskulýðsstarfinu lið sitt á komandi ári. Því fleiri því skemmtilegra ☺

Kveðja,

Arnar Sig.

Sólveig 'Omarsdóttir

Sigríður Gísladóttir